

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hjalta Þórs Ísleifssonar stærðfræðings.

1. gr.

Nafn sjóðs.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hjalta Þórs Ísleifssonar stærðfræðings og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988.

Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimili og varnarþing.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur og markmið sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja efnilega stærðfræðinema til dáða og gefa þeim tækifæri til framhaldsnáms í stærðfræði. Nemendur sem lokið hafa kröfum fyrstu tveggja námsára í stærðfræði við Háskóla Íslands eiga kost á að sækja um styrki í sjóðinn í upphafi haustmisseris hvers skólaárs. Stjórn sjóðsins ákveður dagsetningu umsókna. Við mat á umsóknum skal taka tillit til árangurs í námi, félagsþroska, jákvæðra persónueiginleika og annarra mannkosta sem prýða ungt fólk.

Sjóðurinn veitir að öllu jöfnu einn til tvo styrki á ári í samræmi við tilgang sjóðsins.

Sjóðurinn er óhagnaðardrífinn menntasjóður í skilningi 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

4. gr.

Stofnandi sjóðsins.

Sjóðurinn er stofnaður af Heiði Hjaltadóttur, kt. 141173-4809, móður Hjalta Þórs Ísleifssonar stærðfræðings (12. júlí 1996 - 15. desember 2023).

Hjalti Þór Ísleifsson fæddist í Reykjavík 12. júlí 1996, en fluttist nokkurra daga gamall til Akureyrar þar sem hann ólst upp til 11 ára aldurs. Hjalti lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík af eðlisfræðibraut 2016. Hjalti Þór brautskráðist með BS-próf í stærðfræði frá Háskóla Íslands 2019, með 9,98 í meðaleinkunn. Haustið 2019 hóf Hjalti Þór nám í stærðfræði við ETH háskólann í Zürich í Sviss. Hann brautskráðist með MS-próf vorið 2021 með 6 af 6 mögulegum í einkunn. Hjalti Þór hóf doktorsnám sitt í hreinni stærðfræði við sama skóla haustið 2021 og hugðist ljúka því námi í júní 2024. Hjalti Þór var búinn að fá tvær greinar birtar eftir sig í doktorsnáminu, sú fyrri var birt strax á fyrsta ári hans í doktorsnáminu, í febrúar 2022, en sú seinni í sömu viku og hann lést. Hjalti Þór lést á heimili sínu í Sviss 15. desember 2023.

5. gr.

Stofnframlag og tekjur sjóðsins.

Stofnfé sjóðsins er kr. 8.000.000 sem er lagt fram af stofnanda, en hluti stofnfjár er söfnunarfé í minningu Hjalta Þórs, sem myndar upphaflegan höfuðstól. Af stofnfé sjóðsins er óskerðanlegt stofnfé kr. 1.595.000 að raungildi.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og framlögum frá þeim sem vilja veita markmiðum hans brautargengi skv. 3. gr.

Stjórn minningarsjóðsins skal annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust á hverjum tíma.

Almennt skal miða við að höfuðstóll haldi raungildi sínu og geti vaxið með fé og öðrum verðmætum sem safnast í nafni sjóðsins í þeim tilgangi. Tekjur sjóðsins til ráðstöfunar til styrkja eru vextir og arður af eignum sem mynda höfuðstól sjóðsins, auk framlaga.

Ef stjórn ákveður að greiða ekki út styrk bætast þeir fjármunir sem lausir voru til veitingar verðlauna það ár við þá sem lausir eru til ráðstöfunar árið eftir, sbr. 5. mgr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn til þriggja ára í senn. Við skipun stjórnar skal taka mið af tilgangi sjóðsins. Formaður námsbrautar í stærðfræði gerir tillögu um tvo stjórnarmenn, skal annar vera fastur kennari í stærðfræði við námsbrautina og hinn vera stærðfræðinemi eða ungur stærðfræðingur útskrifaður frá Háskóla Íslands. Við stofnun sjóðsins er hér um að ræða námsbraut í stærðfræði hjá raunvísindadeild verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands.

Stofnandi sjóðsins skal sitja í stjórn eða tilnefna annan í sinn stað. Hún eða afkomendur hennar gera tillögu um tvo stjórnarmeðlimi.

Stjórnin kemur saman að minnsta kosti árlega. Stjórnarstörf eru ólaunuð.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og velur sér formann og ritara.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur.

Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar skal boða til stjórnarfunda. Hlutverk stjórnar er að halda utan um málefni sjóðsins, úthlutanir og kynningu á honum.

Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórnin tekur ákvörðun um fjárhæð styrkja og einstaka styrkþega. Styrkir eru veittir á grundvelli auglýsingar.

Stjórnin hefur eftirlit með ráðstöfun og meðferð fjármuna og fer yfir ársreikning sjóðsins.

Stjórnin setur sér nánari starfsreglur innan ákvæða skipulagsskrár, svo sem um veitingu styrkja. Starfsreglur sjóðsins skulu endurskoðaðar reglulega og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

8. gr.

Umsýsla og endurskoðun sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn til að skoða og árita reikninga sjóðsins hvert starfsár. Endurskoðendur eða skoðunarmenn sjóðsins má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

9. gr.

Reikningsárið.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta þar á eftir.

10. gr.

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.

Ekki er hægt að leggja sjóðinn niður, eða gera breytingar á tilgangi hans, af öðrum ástæðum en kveðið er á um í lögum og ekki án þess að sjóðstjórn sé einhuga um þá ákvörðun.

Sé tekin slík ákvörðun skal hún borin undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu fjármunir hans renna til Háskóla Íslands, með tillögu rektors Háskóla Íslands, til málefna er tengjast tilgangi sjóðsins skv. 3. gr.

11. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 8. maí 2024,

Björn Hrafnelsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 24. maí 2024